

REGLUR

um breytingu (19) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Á milli 1. og 2. málslíðar 2. mgr. 53. gr. reglnanna, sem fjallar um kennslu og kennsluhætti, bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Fylgja skal samþykktum háskólafundar um viðmið og kröfur um gæði kennslu og náms.

2. gr.

Aftan við 2. mgr. 5. tölulíðar 68. gr. reglnanna, sem fjallar um skipulagt framhaldsnám til meistara- og doktorsnáms, bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Fylgja skal samþykktum háskólafundar um viðmið og kröfur um gæði meistaranáms og doktorsnáms.

3. gr.

Ákvæði 5. mgr. 74. gr. reglnanna, sem fjallar um Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, breytast og verða svohljóðandi:

Kennarar og sérfræðingar við Háskóla Íslands og stofnanir hans, sem hafa rannsóknir að aðalstarfi og hafa verið ráðnir á grundvelli hæfnisdóms, geta sótt um stuðning sjóðsins. Að auki geta nýdóttarar, er uppfylla skilyrði sjóðsins, sótt um sérstaka nýdóttarastyrki sem stjórn sjóðsins er heimilt að auglýsa.

4. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, á grundvelli ályktunar háskólafundar hvað varðar 1. og 2. gr. og að tillögu vísindanefndar háskólaráðs hvað varðar 3. gr., öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.